

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 30. janúar 2015 kl. 14:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til símafundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómtúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólsögötu 7, Reykjavík.

Í fjarfundarsambandi voru nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Hermann Jón Tómasson. Þórunn Egilsdóttir sat fundinn ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðmundur Bjarnason formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundum ráðgjafarnefndar 15. og 29. desember 2014. Fundagerðirnar voru samþykktar án athugasemda.

VATNSVEITUFRAKVVÆMDIR Á LÖGBÝLUM 2014

Bændasamtök Íslands – Tillaga að úthlutun

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Bændasamtaka Íslands dags. 29. janúar 2015. Í erindinu er gerð grein fyrir tillögu samtakanna að úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna vatnsveitufrakvæmda á lögbýlum á árinu 2014 á grundvelli reglugerðar nr. 973/2000.

Heildarfjárhæð framlaga úr Jöfnunarsjóði samkvæmt framangreindri reglugerð getur aldrei farið yfir 25 m. kr. á ári að teknu tilliti til 44% þátttöku.

Í erindi Bændasamtakanna kemur fram að samanlagður kostnaður við þær 12 vatnsveitufrakvæmdir sem gengu eftir á árinu 2014 næmi 18.970.070 kr. Miðað við ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til þessa verkefnis nemur kostnaðarþátttökan 44% eða 8.346.831 kr. og gera Bændasamtökin tillögu um úthlutun þeirrar fjárhæðar vegna frakvæmdanna á árinu 2014.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillaga Bændasamtaka Íslands um úthlutun framlags samtals að fjárhæð 8.346.831 kr. væri tekin til greina.

ALMENNAR HÚSALEIGUBÆTUR 2014

Tillaga að hækkun á greiðsluhlutfalli Jöfnunarsjóðs

Á grundvelli fjárákallaga 2014 varð 682 m.kr. hækkun á lögbundna framlaginu frá ríki, sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Þar með varð um 77,1 m.kr hækkun á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til greiðslu framlaga vegna almennra húsaleigubóta.

Með tilvísun til þessa var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um hækkun á greiðsluhlutfalli Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2014 úr 66% í 68% eða um 2 prósentustig.

Ráðgjafarnefndin samþykkti framangreinda tillögu um hækkun á greiðsluhlutfalli Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2014. Uppgjör þar að lútandi mun fara fram í byrjun febrúar.

Heildargreiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2014 námu 4.617,9 m.kr. Að teknu tilliti til framangreindrar hækkunar á greiðsluhlutfalli sjóðsins námu greiðslur framlaga vegna almennra húsaleigubóta 3.154,1 m.kr. Þar af námu leiðréttingar vegna fyrri ára 13,9 m.kr.

**YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS
ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK
Viðbótarframlag 2014**

Á grundvelli heimildar í 4. gr. reglugerðar, nr. 242/2014, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014, er heimilt að greiða sérstök viðbótarframlög til þjónustusvæða/sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga til að kom til móts við þau svæði þar sem hlutfallsleg lækkun framlaga milli áráanna 2013 og 2014 er veruleg og um íþyngjandi kostnað svæðanna að ræða við rekstur málaflokksins á árinu umfram tekjur.

Á grundvelli reglugerðarinnar voru 175,0 m.kr. til ráðstöfunar til greiðslu viðbótarframlaga vegna ársins 2014. Fyrir lágu umsóknir frá 7 þjónustusvæðum

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að skiptingu viðbótarframlagsins til svæðanna 7 sem aðlagð hafði verið að fjárhæð til ráðstöfunar.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillaga að skiptingu sérstakra viðbótarframlaga á árinu 2014 væri samþykkt. Jafnframt samþykkti ráðgjafarnefndin eftirfarandi bókun á fundinum:

Nefndin telur rétt að við setningu nýrrar reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 verði skoðað hvort setja beri inn nýtt ákvæði í reglugerðina er kveður á um að taka beri tillit til byggðasjónarmiða við útreikning og úthlutun sérstakra viðbótarframlaga á árinu 2015.

**ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2015
Endurskoðuð áætlun um úthlutun almennra framlaga**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðaðri áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015. Gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna nemi 10.700 m.kr. á árinu 2015 og er því um 5,1% hækkun framlaganna að ræða frá árinu 2014.

Helstu breytingar sem orðið höfðu á áætluninni frá því í október eru þær að endurskoðuð áætlun vegna ársins 2015 byggir á grunni endanlegra framlaga ársins 2014 en þar hafði verið tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. Endurmats sem fram hafði farið á þeim einstaklingum sem metnir voru SIS mati á árinu 2010 og 2011.
2. Niðurstöðu á framkvæmd SIS mats þeirra einstaklinga sem komnir eru inn í þjónustu í málaflokknum og eru með viðbótarkostnað sem samsvarar einingarkostnaði 4. flokks SIS mats.
3. Bætt hefur verið við barni með alvarlega geð- og þroskaröskun í Reykjavík ásamt því að tekið var tillit til smávægilegra breytinga sem voru gerðar á stöðu þjónustunnar á Ísafirði og í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að endurskoðuð áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 væri samþykkt.

ÖNNUR MÁL

Þar sem hér var um síðasta fund ráðgjafarnefndarinnar að ræða þakkaði formaður fulltrúum í nefndinni og starfsmönnum sjóðsins fyrir afar gott samstarf og samveru á liðnum árum. Jafnframt óskaði formaður nýrri nefnd velfarnaðar í störfum.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:30.

Halldór V. Kristjánsson